Reglugerð um Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Snæfellsbæjar og er í eigu sveitarfélagsins Snæfellsbæjar. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Snæfellsbæ. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná m.a. með því

- að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist, ásamt því að hlusta á og njóta hennar.
- að annast kennslu í hljóðfæraleik ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrá tónlistarskóla og/eða í fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar.
- að stuðla að auknu tónlistarlífi í bænum i samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir.
- að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kóra- og hljómsveitarstarfi
- að búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist.

3. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar ræður skólastjóra Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

4. gr.

Kennarafundir eru haldnir eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári og eru þeir skólastjóra til ráðgjafar um starf skólans. Skólastjóri skal hafa forgöngu um að stofnað sé þriggja manna foreldraráð við skólann. Foreldraráð er skólastjóra til ráðgjafar í stefnumótun og umfangsmiklum áformum um breytingar á skipulagi skólans. Foreldraráð kýs sér formann úr sínum hópi. Skólastjóri og formaður foreldraráðs hafa rétt til setu í skóla- og fræðslunefnd með málfrelsi og tillögurétt undir dagskrárliðum sem snerta tónlistarskólann.

5. gr.

Stofna má foreldrafélag við skólann. Á sama hátt má stofna nemendafélag sem getur myndað nemendaráð. Skólastjóri getur kallað til fulltrúa foreldrafélags og nemendaráðs til ráðgjafar og stefnumótunar eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Starfstími tónlistarskólans skal fylgja skóladagatali Grunnskóla Snæfellsbæjar eftir því sem við verður komið. Leyfi yfir starfstímann, viðverutími starfsmanna og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi.

7. gr.

Skólastjóri setur skólanum skólanámskrá að fenginni umsögn kennarafundar og foreldraráðs. Skólanámskrá kveður m.a. á um ástundun, árangur, réttindi, skyldur og umgengni nemenda. Skólanámskrá skal lögð fyrir skóla- og fræðslunefnd til staðfestingar.

8. gr.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra gæðamats skólans í samráði við skóla- og fræðslunefnd og fylgir eftir umbótaáætlun í kjölfar þess. Skóla- og fræðslunefnd Snæfellsbæjar hefur umsjón með ytra gæðamati tónlistarskólans og fylgir eftir umbótaáætlun í kjölfar þess.

9. gr.

Rekstur skólans skal fjármagnaður með fjárveitingum í fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og með skólagjöldum nemenda. Skólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum frá skóla- og fræðslunefnd Snæfellsbæjar.

10. gr.

Nemandi sem stundar nám á miðstigi í framhaldsskóla í öðru sveitarfélaga en Snæfellsbæ getur sótt um að Snæfellsbær greiði hluta sveitarfélags í kennslukostnaði. Umsóknir þar um skulu berast skóla- og fræðslunefnd skriflega og skal ákvörðun nefndarinnar færð í trúnaðarbók. Sótt skal um styrki til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegan þessa sbr. 7. gr. reglan um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda frá 31. ágúst 2016.

Samþykkt í skóla- og fræðslunefnd Snæfellsbæjar 28. september 2026

Staðfest í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 13. október 2026